

Miðvikudaginn 21. nóvember 1951.

Kærumálið nr. 28/1951.

Jón Beck Ágústsson

gegn

**Kristni Ólafssyni, fulltrúa sýslumannsins í
Gullbringu- og Kjósarsýslu, og
Birni L. Gestssyni.**

Fulltrúa dómara ekki skylt að víkja sæti í máli.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. október þ. á., er hingað barst 1. þ. m., kærir sóknaraðili samkvæmt 37. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 úrskurð, kveðinn upp í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. október þ. á., en með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um, að fulltrúi sýslumanns, Kristinn Ólafsson, er með málið fór í héraði, víki sæti í því.

Sóknaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð í málinu. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að ákveðið verði, að nefndur fulltrúi sýslumanns víki sæti í málinu. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu.

Eftir að úrskurður gekk í héraði, hafa sóknaraðili og eiginkona hans komið fyrir dóm hinn 23. október s.l. og gefið skýrslu. Kveður sóknaraðili, að Kristinn Ólafsson fulltrúi hafi tjáð sér og eiginkonu sinni í samtali 6. október s.l., að húsnæðisuppsögn varnaraðilja væri gild. Eiginkona sóknaraðilja skýrir eins frá þessu samtali, en auk þess kveður hún fulltrúann hafa lýst yfir hinu sama við sig í samtali um mánadagmótin september—október. Kristinn Ólafsson fulltrúi hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann kveður framangreind ummæli ranglega eftir sér höfð. Segist hann aldrei hafa lýst yfir því við sóknaraðilja og eiginkonu hans, að uppsögnin mundi vera gild. Að svo vöxnu máli eru ekki komnar fram sönnur fyrir því, að nefndur fulltrúi hafi látið uppi álit um málið, er geri hann óhæfan til að fara með það.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt kærumálskostnaðar, fellur hann niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósasýslu 19. okt. 1951.

Ár 1951, föstudaginn 19. október, var í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu af Guðmundi Í. Guðmundssyni sýslumanni uppkveðinn úrskurður í framangreindu máli, sem tekið var til úrskurðar í gær.

Mál þetta er höfðað fyrir fógetaréttinum af gerðarbeiðanda, Birni L. Gestssyni, með beiðni, dags. 7. október s.l., þar sem beiðzt er útburðar á gerðarpöla, Jóni Beck Ágústssyni, úr húsnæði, er hann hefur í Birkilundi í Silfurtúni, og vísar gerðarbeiðandi í uppsögn á húsaleigusamningi, en gerðarþoli hefur neitað, að uppsögn þessi væri gild, þar sem ekki væri sagt upp með nægum fyrirvara, fullum þremur mánuðum.

Málflutningsmaður gerðarpöla, Magnús Thorlacius, hefur krafizt þess sérstaklega og lagt undir úrskurð, að fulltrúi sýslumanns, Kristinn Ólafsson, sem farið hefur með mál þetta, víki nú þegar sæti í því.

Ástæður fyrir kröfu sinni færir málflutningsmaðurinn þær, að kona gerðarpöla hefði tjáð honum, að fulltrúinn hefði látið í ljós við hana, að uppsögn gerðarbeiðanda á húsaleigusamningnum væri gild, og í öðru lagi hefði framkoma dómarafulltrúans í sambandi við töku máls þessa til úrskurðar verið með þeim hætti, að hann teldi rétt, að fulltrúinn kvæði ekki upp úrskurð í því.

Um fyrra atriðið er þess að geta, að Kristinn Ólafsson fulltrúi neitar, að rétt sé eftir honum haft, þar sem kona gerðarpöla er borin fyrir, og þar sem ekki eru færðar frekari sönnur að þessu, verður ekkert á slíkum frétttaflutningi byggt.

Um síðara atriðið er það að segja, að 11. okt. s.l. var máli þessu frestað til næsta dags í því skyni að fá aðskiljaskýrslu gerðarpöla, áður en hann færi norður í land, sem umtalað hafði verið.

Daginn eftir, er málið kom í rétt, var enginn mættur af hálfu gerðarpöla, og málið þá tekið til úrskurðar samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Síðar kom fram, að skolazt hafði hjá málflutningsmanni gerðarpöla ákvörðun um fyrirtekt málsins, en áður en efnisúrskurður yrði felldur í því, var málið tekið upp að nýju til frekari gagnasöfnunar. Eins og ljóst er af því, sem hér er rakið, verður ekkert að fundið um meðferð máls þessa í höndum fulltrúans, og verður krafa málflutningsmanns gerðarpöla, um að hann víki dómara-sæti, ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa umboðsmanns gerðarþola, Magnúsar Thorlacius, um að fulltrúi sýslumanns, Kristinn Ólafsson, víki dómarasæti í máli þessu, verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 23. nóvember 1951.

Nr. 147/1951. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)
 gegn
Erni Hauksteini Matthíassyni
 (Gústaf A. Sveinsson).

Fjárdráttur opinbers starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Tóbaks-einkasala ríkisins er stofnuð samkvæmt lögum nr. 58/1931. Leggur ríkissjóður fram það fé, sem þarf til rekstrar hennar, en ríkisstjórnin annast reksturinn. Ágóði af verzluninni greiðist í ríkissjóð. Ákærði var gjaldkeri einkasölnunnar. Samkvæmt þessu verður að telja hann opinberan starfsmann í merkingu laga nr. 19/1940.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr. og 138. gr. almennra hegningarlaga, enda eru skilyrði fyrir hendi samkvæmt niðurlagsákvæði 118. gr. laga nr. 27/1951 til þess að beita 138. gr. almennra hegningarlaga, þótt hennar sé ekki getið í ákæruskjalinu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og með því að staðfesta ber önnur ákvæði hins áfrýjaða dóms, á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Örn Hauksteinn Matthíasson, greiði allan